

Nái ég þrótt og hönd sé hraust
 Hugur skal ei letjast,
 Eg mun aftur orðalaust
 Undir stýrið setjast.

Eg skal ýta fram, sem fyr,
 Flestir meðan sofa—
 Áhöfn stórri' og óska-byr
 Ekki þarftu' að lofa.

Mínu eðli' er engin nyt
 Eilíft logn að hreppum—
 Mér hefir vagsið megn og vit
 Mest í þrauta-kreppum.

Mína heimta hagi um:
 Heldur tjón á sjónum,
 En undir farfa' og fægingum
 Fúna inn á lónum."



Aðsendar vísur.

Hvert mun Heimir halda
 Í höfn, er róleg telst?
 Áslaug sú hin unga
 Í hans hörpu felst.
 Nei, um heila heiminn
 Höfn þau hvergi ná.
 Áslaug sú hin unga
 Ekki lenda má.

Samt mun hörpu hreimur
 Hljóma ströndum nær,
 Gleðja gamla' og unga,
 Og gerast öllum kær.
 Og svo mun fara um síðir—
 Eg sízt um bil skal tjá—
 Að Áslaug' hina ungu
 Allir vilja sjá.

Jónas Hall.